



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Skútustaðahreppur

# Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

24. feb 2022

## Skert starfsemi vegna covid-19

Fjöldi smita hefur sett mark sitt á samfélagið síðustu daga. Skólar voru lokaðir í tvo daga og skert starfsemi á fleiri stöðum. Heilsugæslan brást skjótt við ástandinu og kom því í kring að íbúar gætu farið í skimun á Heilsugæslunni í Reykjahlið og erum við þeim mjög þakklát. Nú eru skólarnir opnir á ný og hefur starfsfólk skólanna lagst á eitt við að halda úti eins eðlilegu skólasterfi og hægt er fyrir nemendur. Við horfum nú til bjartari tíma án takmarkana og vonandi laus við veiruna!

## Hamingjukönnun 2022



Á næstu dögum munum við leggja fyrir fjórðu og jafnframt síðustu könnun um hamingju og vellíðan íbúa í Skútustaðahreppi. Um leið og við viljum þakka fyrir góðar viðtökur hingað til þá viljum við minna á að góð þátttaka er okkur mjög mikilvæg og biðlum við til ykkar að taka ykkur tíma og svara könnuninni hvort sem er á netinu eða í síma.

## Áfram gjaldfrjáls sálfræðiþjónustra

Úrræði um gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu hefur verið framlengt út árið 2022 og er hægt að leita beint til Sálfræðiþjónustu Norðurlands en starfsfólk sveitarfélagsins getur einnig veitt nánari upplýsingar. Eins og áður fá íbúar þrjá tíma endurgjaldslaust.

## Vetrarhátíð við Mývatn



Vetrarhátíð við Mývatn er rétt hinu megin við hornið. Fjölbreytt dagskrá hefst föstudaginn 4. mars og stendur hátíðin yfir í 10 daga. Við hvetjum alla til að leggja leið sína í Mývatnssveit og skoða hvað er í boði. Allar upplýsingar um hátíðina er að finna inn á [vetrarhatid.com](http://vetrarhatid.com).

## Árskort í ÍMS og sund á Laugum

Nú er hægt að kaupa árskort í Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps og fylgir þeim ýmis auka kjör. Kortunum fylgir aðgangur að íþróttamiðstöðu ÍMS og að heitum og köldum pottum, aðgangur í sund á Laugum og 20% afsláttur í alla hópatíma. Allar nánari upplýsingar veitir starfsfólk. Verið velkomin í ÍMS og í sund á Laugum

## Er áhugi fyrir vinnuskóla í sumar?

Eins og undanfarin tvö ár býður Skútustaðahreppur nemendum fæddum 2006-2009 starf í Vinnuskólanum sumarið 2022. Áætlað er að vinnan hefjist í byrjun júní og fram til 22. júlí og verður starfstíminn mánudaga til fimmtudaga kl. 08:00-12:00 og 13:00-15:30.

Helstu verkefni Vinnuskólans verða: Sláttur, rakstur og létt viðhald á lóðum. Gróðursetning, áburðargjöf, hreinsun, málun, aðstoð við leikjánaðmskeið, aðstoð í stofnunum og önnur tilfallandi verkefni. Til þess að geta skipulagt starfið er mikilvægt að vita hverjir ætla að sækja um fyrir sumarið.

Foreldrar/ forráðamenn þeirra barna sem ætla að sækja um í Vinnuskólanum 2022 eru vinsamlegast beðnir að senda eftirfarandi upplýsingar á netfangið umsokn@skutustadahreppur.is fyrir 15. mars

**Nafn nemanda:**

**Bekkur:**

**Nafn foreldra/forráðamanna**



## Greining okukosta

Á árunum 2020-2021 var unnin fýsileikagreining orkukosta í Skútustaðahreppi. Sú greining snerist um að greina mögulega kosti til orkuskipta á heimilum sem í dag nýta rafmagn til húshitunar. Stóð sveitarfélagið straum af kostnaði við greininguna og hlaut til þess stuðning úr viðspyrnuaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Vill sveitarstjórn nýta tækifærið og þakka stuðninginn, sem og íbúum, sem unnið hafa með starfsmönnum sveitarfélagsins og ráðgjafafyrirtækinu Hagvarma að framkvæmd fýsileikagreiningarinnar, fyrir samstarfið.

Fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps gerir ráð fyrir framkvæmdum sem fylgi í kjölfar fýsileikagreiningarinnar. Í því samhengi gerir fjárhagsáætlunin ráð fyrir að sveitarfélagið muni styðja íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu um allt að kr 900 þúsund til uppsetningar á varmadælu á heimili sínu (s.s. innkaup á dælu og fylgihlutum, safnlögn með frostlegi ásamt uppsetningu á dælu, lagningu safnlagnar og tengingu safnlagnar við dælu), þó ekki um hærri upphæð en sem nemur 35% af heildarkostnaði við uppsetningu og að sameiginlegur stuðningur sveitarfélagsins og Orkusjóðs verði ekki umfram heildarkostnað við framkvæmdina. Er um að ræða sambærilegan stuðning og önnur sveitarfélög hafa boðið upp á og miðar stuðningurinn við jöfnun húshitunarkostnaðar í sveitarfélaginu og að stutt verði við markmið ríkisstjórnar um orkuskipti. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarfélagið muni sjá um þjónustu við uppsettar varmadælu, með sambærilegum hætti og raunin er varðandi rekstur hitaveitu Skútustaðahrepps. Fýsileikagreiningin bar saman möguleika til uppsetningar varmadæla og útvíkkunar hitaveitu og verður íbúum sem það kjósa jafnframt boðið að nýta stuðninginn til tengingar á hitaveitu, reynist það hagkvæmt og raunhæft.

Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður greiningar Hagvarma. Jafnframt er hér skýrsla sem unnin var síðasta sumar til að meta möguleika til útvíkkunar hitaveitu sveitarfélagsins. Enn er unnið að því að meta kostnað við þá útvíkkun, en kostnaður við aðföng hefur breyst umtalsvert síðustu mánuði.

Nafn	Númer	Dælutýpa	Stærð	Áætlaður kostnaður*
Baldursheimur 4	2162770	Jarðvarma	12 kW	2.500.000 kr
Geirastaðir 1	2504305	Vafi	10-12 kW	2.300.000 kr
Haganes	2163000	Jarðvarma	12 kW	2.300.000 kr
Hofsstaðir	2163046	Jarðvarma	12 kW	2.300.000 kr
Litlaströnd	2163101	Loft/vatn	9 kW	1.600.000 kr
Nónbjarg	2163115	Loft/vatn	5 kW	1.900.000 kr
Sjónarhóll	2163115	Jarðvarma	12 kW	2.300.000 kr
Syðri Neslönd	2163170	Jarðvarma	6 kW	2.000.000 kr
Tjarnarholt	2318350	Jarðvarma	6 kW	2.000.000 kr
Vagnbrekka	2163241	Jarðvarma	12 kW-16 kW	2.300.000 kr
Vindbelgur	2163260	Jarðvarma	12 kW	2.300.000 kr
Ytri-Neslönd	2163061	Jarðvarma	12 kW	2.300.000 kr
Ytri-Neslönd fuglasafn	2299964	Loft/vatn	5-9 kW	1.500.000 kr
Þórólfsvoll	2163337	Jarðvarma	12 kW	2.300.000 kr
Alls:	14			29.900.000 kr

## Göngu- og hjólastígur

Stefnt er að útboði á næsta hluta göngu- og hjólastígs á næstu vikum. Mikið samráð hefur verið haft við landeigendur, RAMÝ og Vegagerðina vegna framkvæmdarinnar og hafa drög að útboðslýsingu verið unnin, í samstarfi við verkfræðistofuna EFLU.



## Starfsmannamál

Helgi Héðinsson tekur við starfi sveitarstjóra 1. apríl og Sveinn Margeirsson.....

**XXXXXXX**

XX  
XXXXXXXXXXXXXXXX

## Hrós dagsins

Kannski starfsfólk heilsugæslu fyrir skjót og góð viðbrögð við fjölda smita í samfélaginu ??

Bónði er bústólpi

**Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri**